

**Nð.**

**161. Frumvarp til laga**

[121. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs til fjögurra ára í senn. Atvinnumálaráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breyting þessi á lögum um sementsverksmiðju er í samræmi við margar hliðstæður við skipun stjórnar stórfyrirtækja, sem eru í eign ríkisins.

Hefur samhljóða frv. verið flutt áður, á þinginu 1958—59, af Jóhanni Hafstein og Ingólfi Jónssyni, en varð eigi afgreitt. — Nánar í framsögu.